

Alþingi
Erindi nr. P 130/906
komudagur 30.1.2004



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Alþingi, menntamálanefnd.
Sigrún Brynja Einarsdóttir,
nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Sölvhólsgrötu 4, 150 Reykjavík
sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 27. janúar 2004

Tilvísun: MMR04010871/3.6/VÁ/--

Við er til bréfs yðar, f.h. menntamálanefndar, dags. 10. desember sl., þar sem ráðuneytinu var sent til umsagnar frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna, 133. mál.

Um er að ræða frumvarp sem var lagt fram á 123. og 128. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Ráðuneytið gaf svohljóðandi umsögn um frumvarpið þegar það var lagt fram á 123. löggjafarþingi:

„Menntamálaráðuneytið fagnar því að fram komi frumvarp sem hefur það að markmiði að styrkja efnilega námsmenn til framhaldsnáms.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um hlutverk styrktarsjóðsins og sagt að hlutverkið sé að styrkja efnilega nemendur til náms við framhaldsskóla. Æskilegt væri að skýra nánar hvað átt er við með orðinu "framhaldsskólar". Er átt við nemendur sem stunda nám á framhaldsskólastigi, sérskólastigi og háskólastigi (hér á landi og erlendis), en það er ekki ljóst sbr. upphaf greinargerðar?

Í 2. gr. er kveðið á um samsetningu og hlutverk stjórnar sjóðsins. Athygli er vakin á því að nemendur á bóknámsbrautum framhaldsskólanna eiga ekki aðild að stjórninni. Til er Félag framhaldsskólanema sem e.t.v. ætti þarna heima. Hlutverk og valdsvið stjórnarinnar er skýrt afmarkað sem er jákvætt. Spurning er hvers vegna menntamálaráðherra á að skipa stjórn, sem er fyrir sjálfstæðri stofnun með sjálfstæðan fjárhag. Eðlilegra væri að einhvers konar fulltrúaráð væri á bak við stofnunina, sem kysi henni stjórn.


Í 3. gr. er fjallað um tekjur sjóðsins. Ráðuneytið leggur áherslu á að væntanlegt framlag ríkissjóðs verði ekki til þess að lækka framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða framlög til jöfnunar námskostnaðar. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að hin sjálfstæða stofnun semdi við ríkisvaldið um fjárframlög þess og síðan yrði það samkomulag lagt fyrir alþingi við afgreiðslu fjárlaga.

Í 6. gr. er kveðið á um umsóknarfrest um styrki úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum eigi síðar en í júlí ár hvert fyrir komandi skólaár. Æskilegt væri að umsóknarfrestur væri fyrr á árinu t.d. í maí.“


Þegar frumvarpið var lagt fram á 128. löggjafarþingi sá ráðuneytið ekki ástæðu til að veita sérstaklega umsögn vegna þess, heldur vísaði til þess að fyrir þinginu lægi frumvarp menntamálaráðherra um námsstyrki, sem fjallaði um svipað efni. Það frumvarp varð að

lögum um námsstyrki nr. 79/2003, sem fjallar um námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám. Ráðuneytið áréttar það sem sagði í framangreindri umsögn á 123. löggjafarþingi um að framlag ríkissjóðs vegna þessa frumvarps, verði það að lögum, verði ekki til þess að lækka framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða framlög til jöfnunar á námskostnaði á grundvelli laga um námsstyrki. Að öðru leyti vísar ráðuneytið til fyrri umsagnar um efnisþætti frumvarpsins og hefur engu frekar við hana að bæta.

F.h.r.



Guðmundur Árnason



Valur Árnason